

## GJALDSKRÁ

**fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.**

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. V. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 30.000.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6.000 lítra kr. 6.115

Rotþró 6.001 lítra og stærri kr. 1.650 pr./m<sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6.000 lítra kr. 9.175

Rotþró 6.001 lítra og stærri kr. 2.475 pr./m<sup>3</sup>

5. gr.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 19.720 fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 8. desember 2011 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 24. janúar 2012, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð nr. 39/2011.

*Bláskógabyggð, 24. janúar 2012.*

**Valtýr Valtýsson** sveitarstjóri.